

Nd.

100. Frumvarp til laga

[90. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Eiður Guðnason, Vilmundur Gylfason,
Finnur Torfi Stefánsson.

1. gr.

Við 8. gr. laganna A-lið komi ný málsgrein, er verði 5. málsgrein og hljóði svo:
Húsnæðismálastjórn hefur einnig heimild til að veita lán til byggingar dagvist-
arheimila í eigu sveitarfélaga, launþegasamtaka og annarra félagslegra aðila, sbr.
3. gr. laga nr. 112/1976. Skal ráðherra með reglugerð setja ákvæði um fjárhæð slíkra
lána, lánstíma og tryggingar þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með því frumvarpi, sem hér er lagt fram, er lagt til að húsnæðismálastjórn
verði veitt heimild til þess að veita sveitarfélögum, launþegasamtökum og öðrum fé-
lagslegum aðilum fé að láni til byggingar dagvistarheimila, jafnt fyrir yngri borgara
sem eldri.

Bygging slíkra heimila situr mjög á hakanum í þessu þjóðfélagi, fyrst og fremst
vegna fjárskorts ríkissjóðs og sveitarfélaga. Hér er þó um mikið hagsmunamál að ræða,
bæði fyrir hið opinbera, atvinnufyrirtækin og síðast en ekki síst fyrir launþegana
sjálfa. Mikla nauðsyn ber til að reyna að ráða hér bót á sem allra fyrst.

Mikið vantar enn á þá nauðsynlegu stefnubreytingu sem þarf að verða í dag-
vistarmálum af hálfu ríkis og sveitarfélaga vegna vaxandi þátttöku kvenna í
atvinnulífínu. Litlar sem engar horfur eru á að unnt verði að ráðast í byggingu dag-
vistarheimila að einhverju marki á næstunni, vegna þess að þröngur fjárhagur
ríkis og sveitarfélaga hefur gert það að verkum, að þessu mikilvæga verkefni hefur
of oft verið ýtt til hliðar. Þess vegna mun að öllu óbreyttu dragast mjög á langinn að
viðunandi lausn fáist þar á, verði ekki til annarra ráða gripið.

Með þessu frumvarpi er lagt til að húsnæðismálastjórn fái heimild til þess að
veita framangreindum aðilum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingar dagvist-
arheimila. Til þess verði þó ekki notað það fjármagn, sem Byggingarsjóður
hefur undir höndum og notar til lánveitinga vegna íbúðabygginga og kaupa á eldri
íbúðum, heldur verði eingöngu miðað við það, að til þess verði notað það fjármagn,
sem hann getur aflað sérstaklega í samvinnu við lífeyrissjóðina í landinu með sölu
skuldabréfa til þeirra, einkanlega lífeyrissjóða stéttarfélaganna.

Reynslan sýnir að lífeyrissjóðirnir hafa í vaxandi mæli keypt skuldabréf af
Byggingarsjóði ríkisins, og hafa nú t. d. á þessu ári keypt skuldabréf af honum langt
umfram það, sem lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar frá desember 1977 gerði ráð fyrir.
Var þar reiknað með, að sjóðurinn fengi að selja lífeyrissjóðunum skuldabréf fyrir
500 milljónir króna, er hann notaði í almennar lánveitingar, en nú mun hann hafa
selt þeim skuldabréf fyrir 800-900 milljónir króna, og er talið að áður en árið er úti
hafi hann selt þeim skuldabréf fyrir 1300-1400 milljónir króna.

Vegna þessara auknu skuldabréfakaupa gæti verið um að ræða umframfé, sem
ætla mætti að lífeyrissjóðirnir kynnu vel að meta að notað yrði til þess að komið yrði
upp þeim félagslegu byggingum, sem dagvistarheimili yngri og eldri borgara eru,
og eru mjög í þágu þeirra eigin félagsmanna.

Á þessu yrði síðan að sjálfsögðu framhald eftir því sem þörf krefði á næstu ár-
um og fjárhagur Byggingarsjóðs ríkisins leyfði, þ. e. skuldabréfakaup lífeyrissjóð-
anna í þessum sérstaka tilgangi sköpuðu grundvöll fyrir.

Flutningsmenn leggja til, að í reglugerð verði settar nánari reglur um meðferð þessa, og leggja til að m. a. verði Húsnæðismálastofnun ríkisins gert skylt að leggja á það ríka áherslu að fylgjast með og tryggja það, að hönnun og framkvæmd þessara bygginga verði með sem allra hagstæðustum hætti.

Þess skal að lokum getið, að fyrirmynd þessa er sótt til Húsbanka Noregs, en hann hefur um langt skeið veitt fé að láni til byggingar dagvistarheimila, jafnt fyrir yngri sem eldri. Hefur hann frá upphafi verið fyrirmynd sú, sem Íslendingar hafa einna helst leitað til, og í öllu falli virðist liggja beint við að fara nú þá leið á þessu sviði, sem hann hefur farið um langt skeið með ágætum árangri.